

Nd.

536. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Í stað orðanna „Svalbarð í Þistilfirði“ í 1. gr., XX. lið (106) komi: Raufarhöfn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Núverandi prestur Svalbarðs- og Ásmundarstaðasókna hefir um nokkur undanfarin ár verið búsettur á Raufarhöfn. Má telja líklegt, að eftirmenn hans kjósi einnig að sitja þar. Er því eðlilegast að gera heimilt að leigja jörðina Svalbarð, samkvæmt lögum þeim um erfðaábyð og óðalsrétt, sem væntanlega verða samþykkt á þessu þingi.

Núverandi prestur sóknanna, sem jafnframt er prófastur í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi, er meðmæltur breytingunni. Fer umsögn hans hér á eftir.

Fylgiskjal.

Umsögn prófastsins í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi.

Samkvæmt beiðni og fyrir eigin reynslu get ég mælt með því, að löglegt prestssetur verði flutt frá Svalbarði til Raufarhafnar. Meðan núverandi sóknaskipun er í gildi í Svalbarðsprestakalli, er prestssetrið haganlegar sett á Raufarhöfn, þar eð sú sókn er mannfleiri og að öðru leyti meira starf fyrir prestinn þar en í Svalbarðssókn; auk þess er frekar hægt að þjóna Svalbarðssókn frá Raufarhöfn, er landleiðir banna, en Raufarhafnarsókn frá Svalbarði, er líkt á stendur.

Raufarhöfn, 8. sept. 1935.

(Sign.) Páll Hj. Jónsson.